



Fjallabyggð er frumkvöðull Skilaboð íbúafunda


September 2007

ATA



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Undirbúningur og fyrirkomulag	4
1.2	Þessi skýrsla	4
2	Staða	4
3	Auðlindir	5
4	Ferðaðþjónusta	5
4.1	Ferðaðþjónusta í Fjallabyggð	5
4.2	Vetrarferðamennska	6
4.3	Sjávartengd ferðaðþjónusta	6
4.4	Menningartengd ferðaðþjónusta.....	6
4.5	Heilsuferðamennska	6
4.6	Börn, unglingar og fjölskyldufólk	7
4.7	Önnur afþreying	7
4.8	Ævintýraferðamennska og gönguferðir	7
4.9	Gisti- og ráðstefnuaðstaða	8
4.10	Upplýsingamiðlun og þjónusta	8
4.11	Sumarhús	8
5	Söfn og menning	9
5.1	Söfn og salir	9
5.2	Viðburðir	9
5.3	Handverk.....	10
6	Samgöngur	10
7	Framleiðsla og framkvæmdir	10
8	Sjávarútvegur og fiskeldi	11
9	Höfn	12
10	Verslun og þjónusta	12
11	Opinber störf	12
12	Fjarvinnsla og tækniþjónusta	13
13	Ræktun og landbúnaður	13
14	Umhverfi, ásýnd og öryggi	13
15	Heilbrigðisþjónusta	14
15.1	Heilsubærinn Fjallabyggð	14
15.2	Sjúkrahúsið á Siglufirði	14
16	Þjónusta við aldraða	15
17	Skólamál	15
17.1	Framhaldsskóli	15



18	Íþróttir	16
19	Félagslíf	17
20	Byggða- og íbúáþróun	17
21	Stjórnáslá	18
22	Markaðssetning	18
23	Frumkvöðlastefna	19
24	Viðhorf	19
25	Ein frábær hugmynd	20
26	Næstu skref	20
27	Frá umræðu til árangurs	24
27.1	Framtíðarsýn - aðalskipulag	24
27.2	Efling atvinnulífs - atvinnustefna	24
27.3	Samstaða – aðgerðir	24
27.4	Önnur verkefni	24
27.5	Kynning á skilaboðum íbúafunda - aðgerðaáætlun	25
27.6	Að lokum	25

1 Inngangur

Dagana 17. og 18. september stóð sveitarstjórn Fjallabyggðar fyrir íbúafundum og fékk Alta til liðs við sig við undirbúning, fundarstjórn og úrvinnslu. Þessi samantekt hefur að geyma úrvinnslu á skilaboðum fundanna.

Markmiðið með fundunum var að þeir yrðu fyrstu skrefin í því að styrkja innviði samfélags og atvinnulífs þannig að íbúar og fyrirtæki Fjallabyggðar geti nýtt þau tækifæri sem skapast með opnun Héðinsfjarðargangna í lok árs 2009.

1.1 Undirbúningur og fyrirkomulag

Undirbúningur fyrir íbúafundina hófst með vinnufundi aðal- og varafulltrúa í bæjarstjórn ásamt lykilstarfsmönnum, sem haldinn var þann 13. ágúst. Yfirskriftin „*Fjallabyggð er frumkvöðull*“ og fyrirkomulag fundanna byggðist á skilaboðum vinnufundarins.

Undirbúningur af hálfu Fjallabyggðar var í höndum Þóris Kr. Þórissonar bæjarstjóra og Jóns Hróa Finnssonar, þróunarstjóra.

Fundirnir hófust með setningu Þorsteins Ásgeirssonar, forseta bæjarstjórnar. Í framhaldi af því flutti bæjarstjóri erindi undir yfirskriftinni „Ætliar bæjarstjórnin ekkert að gera?“. Mestur hluti fundanna var helgaður samræðu íbúa með fyrirkomulagi sem kallast Heimskaffi. Þátttakendur ræddu spurninguna: „Hvaða áskorunum stöndum við frammi fyrir og hvernig gætum við mætt þeim?“

Að umræðum loknum sagði Sigríður Ingvarsdóttir, rekstrarstjóri Frumkvöðlaseturs Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands frá þeirri aðstoð sem er í boði af hálfu miðstöðvarinnar. Fundunum stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir frá Alta. Ásamt henni vann Björg Ágústsdóttir hjá Alta þessa samantekt.

Markaðssetning og kynning var til fyrirmyndar og var mjög sýnileg. Meðal annars má nefna að hannað var sérstakt merki fyrir fundina sem notað var á allt kynningarefni. Merkið var

m.a. sett á bíla í eigu sveitarfélagsins, eins og sjá má á myndinni hér á síðurnni.

Fyrri fundurinn var haldinn í Íþróttahúsinu á Siglufirði, mánudagskvöldið 17. september og sá síðari í Tjarnarborg í Ólafsfirði, þriðjudagskvöldið 18. september.

Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og mættu samtals 350 manns á fundina, 240 á Siglufirði og 110 í Ólafsfirði. Þetta eru um 21% kosningabærra íbúa Fjallabyggðar.

1.2 Þessi skýrsla

Í þeirri samantekt sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir skilaboðum íbúafundanna. Reynt hefur verið að halda til haga öllum hugmyndum og ábendingum sem rötuðu á blað hjá þátttakendum í umræðunum, í flestum tilvikum með óbreyttu orðalagi. Horft hefur verið á skilaboðin út frá Fjallabyggð í heild. Í ýmsum tilvikum er þó um staðbundin skilaboð að ræða og eru þau merkt sérstaklega.

Stuttlega er fjallað um stöðu og tilgreindar auðlindir en að mestu fjallar skýrslan um þau **tækifæri** sem íbúar sjá og þær leiðir sem þeir vilja fara til að efla Fjallabyggð á tímamótum. Greint er frá skilaboðum þátttakenda um næstu skref og loks varpar Alta fram greiningu og möguleikum varðandi eftirfylgni íbúafundanna.

2 Staða

Fjallabyggð er að mati fundarmanna að ganga í gegnum þær breytingar, að grundvöllur atvinnulífsins er að færast „úr fiski og yfir á fólk“. Þetta er hluti af þróun sem er að eiga sér stað á landsvísu en er eftir sem áður krefjandi og sársaukafullt ferli meðan á því stendur. Heimamenn sjá ýmis tækifæri í öðrum atvinnugreinum og töldu þátttakendur mikilvægt að svæðið „hætti að vera láglaunasvæði“ (Siglufjörður). Fjölga þurfi atvinnutækifærum, auka fjölbreytni og stöðva fólksfækkun.

Nokkur munur var á fundunum á stöðunum tveimur og skilaboðum þeirra. Ólafsfirðingar virðast eiga meiri bjartsýni í augnablikinu en Siglufirðingar. Væntanlega helgast það af verri stöðu atvinnulífs á Siglufirði.

Á báðum stöðum kom fram sterk trú á að Héðinsfjarðargöng muni gjörbreyta búsetuskilyrðum til hins betra og töldu íbúar mikilvægt að samfélögin búi sig undir þau tímamót. En jafnframt var spurt: „Bjarga Héðinsfjarðargöng öllu?“

Mikil ánægja er með væntanlegan framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem mun, að mati íbúa, skapa ný tækifæri og hafa jákvæð áhrif á búsetuþróun.



3 Auðlindir

Í þessum kafla eru taldir upp þær helstu auðlindir sem bar á góma í umræðum á íbúafundum. Listinn er alls ekki tæmandi fyrir allar auðlindir í sveitarfélaginu en gefur skýra mynd af því sem íbúum var efst í huga í leit sinni að tækifærum.

Fjallabyggð

- Göngin og gangnamunninn
- Tilkoma framhaldsskóla
- Skíðasvæðin og önnur íþróttastaða
- Vatnið í göngunum
- Landslag, náttúra og saga
- Kyrrðin og hreina loftið
- Fagrir útsýnisstaðir á fjöllum
- Héðinsfjörður
- Tröllahringur
- Fiskur
- Sjó- og fuglalíf
- Tröll
- Sagan
- Sumarhús
- Fyrirtæki og starfsemi sem þegar er á stöðunum
- Sparisjóðirnir
- Vannýtt húsnæði
- Fagþekking og reynsla, t.d. iðnaðarmanna
- Handverksfólk
- Unga fólk
- Aldraðir

- Heimamarkaðurinn – hvert íbúar beina viðskiptum sínum
- Samstaða íbúa

Siglufjörður

- Síldarminjasafnið
- Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar
- Höfnin
- Mjölhúsið
- Skógræktin
- Gamla Siglufjarðarprentsmiðja
- Sýslumaðurinn
- Skattstofan
- Sjúkrahúsið
- Hóll og Hólsdalur

Ólafsfjörður

- Ólafsfjarðarvatn
- Múlakolla
- Náttúrugripasafnið
- Byggðasafnið
- Tjarnarborg
- Gömul grjótnáma
- Starfsstöð Alþingis

4 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er sú einstaka atvinnugrein sem þátttakendur greina sem stærsta sóknarfærið. Stefna eigi að aukningu ferðaþjónustu allt árið um kring, þar sem byggt verði á því sem fyrir er og stuðlað að verulegri nýsköpun. Hér er gerð grein fyrir auðlindum og tækifærum á sviði ferðaþjónustu.

4.1 Ferðaþjónusta í Fjallabyggð

„Ekki missa af ferðamenskulestinni“

- Heildarskipulagning á ferðamennsku
- Fjölbreyttari ferðaþjónustu
- Ferðaþjónusta – söfn, vetrarsport, skíði, snjósleðar, sumar, gönguleiðir, veiði í vatni, ám og sjó, vatnasport
- Minna á fortíðina, halda í örnefnin og söguna t.d. fiskimið
- Hjátrúin – draugar og forynjur
- Sögutengd ferðamennska – gönguferðir með leiðsögn
- Ferjusiglingar – útsýnisferðir um Eyjafjörð – yfir fjörðinn
- Mörg heilsárstækifæri í ferðamálum/útivist – sleðar, krossarar, gönguferðir, golf
- Íþróttakeppnir með sérstöðu t.d. Tröllaskaga – þríþraut

Ólafsfjörður

- Ferðamannamiðstöð
- Tröllasetur – ferðaþjónusta – minjagripir – frístundabyggð

4.2 Vetrarferðamennska

„Setja kuldann í ferðamennsku“

Fjallabyggð

- Vetrarparadís, vetraríþróttir, vetrarævintýramennska
- Skíðaferðir með tilheyrandi þjónustu, t.d. skíði, gisting, afþreying, fuglasafn, síldarminjasafn
- Ná erlendum ferðamönnum inn á skíðasvæðin
- Skíðastökkmót
- Vélsleðaferðir, snjósleðaskóli
- Gönguferðir á vetrum
- Hvíldarferðir, norðurljósin, kyrrðin

Siglufjörður

- Skíðahótel, sem gæti einnig nýst sem ráðstefnuhótel
- Bjálkahús
- Snjóflóðagarðamarapön

Ólafsfjörður

- Snjósleðaaðstöðu við vatnið að vestan – hús og brautir
- Byggja upp öfluga vetrarþjónustu fyrir vetrarsport. Skíðaíþróttir, snjósleða, dorgveiði og fleira
- Útivistarparadísin Fjallabyggð: - Göngu – hlaupastígar/hjólastígar t.d. meðfram vatninu

- Efla vetrarparadísina t.d. skautasvell á Tjörninni
- Gera snjógöng í snjóflóðagarðinum hjá Hornbrekku, mikil aðsókn í það víða um heim

4.3 Sjávertengd ferðaþjónusta

Fjallabyggð

- Sjóstangveiði
- Skemmtiferðaskip
- Bátaleiga
- Seglskip
- Hjólabátar
- Kajakferðir
- Leggja aukna áherslu á að fá erlenda ferðamenn hingað á sjóstangveiði
- Brimbretti

Siglufjörður

- Höfnin (skútur)
- Koma upp aðstöðu og þjónustu fyrir skemmtiferðaskip og farþega þeirra
- Hvalaskoðun
- Sæsleðar
- Ferskur fiskur á veitingastöðum

Ólafsfjörður

- Koma upp ylströnd við bátabakkann
- Ýmis konar veiði t.d. sjóstöng, veiði í vatni á bryggjum og í ám
- Vatn við Ólafsfjörð: Bæta hafnaraðstöðu fyrir skemmtibáta?

4.4 Menningartengd ferðaþjónusta

Hér má nefna að flestir punktar um menningartengda ferðaþjónustu komu Siglufjarðarmegin.

Siglufjörður

- Byggja á menningu og listum
- Menningartengdar skólabúðir
- Tónlistarviðburðir, t.d. kóramót

Ólafsfjörður

- Kirkjan að Kvíabekk – saga staðarins

4.5 Heilsuferðamennska

„Endurhæfing í óspilltri náttúru (til fjalla)“

Fjallabyggð

- Heilsulind í tengslum við skíðasvæði
- Plan B ef ekki viðrar til skíðaferða; sund, líkamsrækt, snyrting, nudd og þess háttar
- Allt í einum pakka; gisting, matur leiðsögn, snyrting, jóga, lífsstílsdagur



4.6 Börn, unglingar og fjölskyldufólk

„Taka betur á móti börnum sem heimsækja Fjallabyggð að sumarlagi“

Fjallabyggð

- Ævintýrabúðir fyrir börn og unglinga bæði sumar og vetur t.d. hægt að bjóða skólum landsins hingað til útiveru
- Setja upp skólabúðir þar sem kynnt yrði sérstaða sveitarfélagsins hvað atvinnu varðar
- Skólabúðir sem miða að aukinni hreyfingu barna og unglinga og heilsusamlegu mataræði
- Frístundagarður

Siglufjörður

- Tjörn í Hólsdalnum þar sem hægt væri að hafa báta til að sigla

4.7 Önnur afþreying

„þarf afþreyingu í kringum ferðafólk“

Siglufjörður

- Hestaleiga
- Hestamannahelgi yfir sumarið
- Fuglaskoðun
- Byggja stíflu í Skútudal, gera þar vatn og setja í það seiði
- Sportveiði
- Skotsvæði

Ólafsfjörður

„Nýta okkar helstu perlu sem er Vatnið“

- Kláfferja upp á Múlakollu
- Ólafsfjarðarvatn
 - Vatnið er einstakt – aðgengilegt
 - Nýta það sem vatnið býður upp á til útivistar og veiða
 - Flothýsi á vatnið
 - Leyfa vatnasport á vatninu; sæpotur, hjólabátar, seglbrettaleiga, sjóskíði.
 - Veiði: Dorgveiði. Mætti sleppa fiski í vatnið, selja veiðileyfi
 - Höfn neðan við Hornbrekku
 - Á vetrum; skautar
 - Losa Ólafsfjarðarvatn undan þeirri einokun sem verið hefur og nýta fyrir almenning eða í tengslum við ferðabjónustu

4.8 Ævintýraferðamennska og gönguferðir

„Bæta aðstöðu fyrir ferðamenn með göngustígum“

Ævintýraferðamennska og sambærilegar hugmyndir tengdar ferðabjónustu og útivist voru Ólafsfirðingum talsvert ofar í huga en Siglfirðingum.

Fjallabyggð

- Ævintýraferðir / keppni
- Adventure racing
- Ævintýraferðir
- Óvissuferðir – hvataferðir
- “Survivor Fjallabyggð”

- Gönguferðir
- Gönguleiðir í Héðinsfirði og Siglufirði
- Þarf að merkja gönguleiðir í Héðinsfirði og til beggja staða Rauðskörð! Sérstaklega yfir Fjallahjólástiga í stað rollustíga
- Brúðkaup – tengja við gönguferðir
- Fjallaferðir – leiðsögumenn
- Fá þekkt nöfn í að leiðbeina í fjallgöngum – alvöru klifur

Ólafsfjörður

- Bjóða upp á hreystigöngu í smalamennsku á haustin
- Halda við Múlanum, sem göngustíg og vera með túristaferðir um hann



4.9 Gisti- og ráðstefnuaðstaða

„Vantar gistirými og aðstöðu til að taka á móti 50-70 manna hópum, vinnustaðir, klúbbar o.fl.“

Fjallabyggð

- Auka gistimöguleika
- Vantar tilfinnanlega góða ráðstefnuaðstöðu

Siglufjörður

- Hótel, hugsanlega 5 stjörnu (skíða)hótel, e.t.v. í Hólsdal og/eða fyrir neðan skógrækt
- Hótel framan við Síldarminjasafnið, byggt á staurum með Feneyjasniði
- Smáhús (hytter) í nánd við skíðasvæðið og þjónustuhús
- Heilsuhótel fyrir þreytta businessmenn
- Sumarhótel
- Svefnpokagisting
- Braggagisting
- Kaffihús í Sunnubragga með gistingu

Ólafsfjörður

- Hótel
- Fjölga gististöðum fyrir ferðamenn t.d. Bed & Breakfast. Mætti t.d. virkja gamla fólkíð sem á stór hús og stofna Bed & Breakfast klúbb
- Fá aðstöðu fyrir ferðamanninn í smáhýsum með heitum pottum. Aðstaðan yrði neðan við Ósbrekku land (t.d. í sambandi við vélsleðaleigu yfir vetrartímann) með möguleika á heimsókn á hitaveitubar
- Dekurhótel – hús

- Auka gistiaðstöðu með tilliti til snjósleðamanna, skíðamanna, stangveiðimanna
- Ef á að efla ferðabjónustu til bæjarins þarf að stórbæta valkosti í gistingu og þjónustu við ferðamenn. Hóтелиð og það sem í boði er þar er ekki boðlegt og er spurning hvort Fjallabyggð ætti ekki að reyna að kaupa það og reyna að endurselja það ferðabjónustuaðilum
- Hóтелиð – gisting, Vélsmiðjan? Óvissa þjónustan við sjávarútveg minnkar, þá ná í verkefni
- Útbúa tjaldsvæði betur. Samtengja allt svæðið sem útivistarsvæði (ferðabjónusta)
- Hornbrekka sem sumarhótel

4.10 Upplýsingamiðlun og þjónusta

„Ferðamennska þarf að verða þannig að auðvelt sé að nálgast allar upplýsingar“

Fjallabyggð

- Vantar upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á báðum stöðunum
- Gott aðgengi að upplýsingum um vörur og þjónustu í Fjallabyggð, t.d. tengill á www.sksiglo.is
- Kortleggja þarf alla möguleika og koma í bækling
- Betri merkingar, t.d. á göngleiðum

Siglufjörður

- Betri þjónustu við ferðamanninn, m.a. lengja opnunartíma

Ólafsfjörður

- Koma upp skiltum og kortum á plani fram á dal á Kleifunum

4.11 Sumarhús

„Þjónusta við sumarhúsaeygendur er atvinnutækifæri“

Siglufjörður

- Nýta sumarhúsin á veturna – leigja
- Mann til eftirlits með sumarhúsum og e.t.v. ýmis þjónusta, t.d. umhirða grasflata og viðhald
- Aukin kynning á sumarhúsasvæði á Saurbæjarás

Ólafsfjörður

- Þjónustumiðstöð fyrir sumarbústaðaeigendur
- Þjónusta við sumarhúsaeygendur – umhirða og viðhald fasteigna



5 Söfn og menning

5.1 Söfn og salir

Siglufjörður

- 14-15 ára unglingum á öllu landinu boðið að starfa við söfnin í 3 vikur í senn. Um væri að ræða 40 – 50 störf fyrir unglingana
- Mjölhúsið, t.d. sjávarlífssetur! Sjóker o.þ.h.
- Alþjóðleg þjóðlagaakadémía verði starfrækt á sumrin í tengslum við þjóðlagasetur og þjóðlagahátíð
- Náttúrugripasafn
- Prentminjasafn (gamla Siglufjarðarprentsmiðja) á nýjum stað
- Steinասafn: Hús frammi við Hól með steinum úr firðinum
- Frystihús Óskars Halldórssonar. Þar eru elstu frystivélar á Íslandi
- Byggja listasafn
- Söfnin starfi undir einum hatti í samræmi við ný safnalög sem verða lögð fyrir þing í vetur
- Síldarminjasafn
 - Auka stöðugildi Síldarminjasafns
 - Nota safnið til skólaheimsóknna
 - Handverkshús í tengslum við Síldarminjasafn
 - Kaffiteríu við Síldarminjasafn, gjarnan með þjólegum réttum

- Siglósíld í krukku á Síldarminjasafni
- Síldarminjasafnið fái að veiða síld – hún síðan unnin og seld gestum safnsins

- Hljómleikasafn inni í fjallinu v/gangnamunna að norskri fyrirmynd

Ólafsfjörður

„Gera betur við safnið okkar“

- Tjarnarborg verði menningarhús
- Söfn í framtíðarhúsnæði með netkaffi, gjarnan með bjórleyfi
- Efla og stækka fuglasafnið koma því á jarðhæð + Náttúrugripasafn – skólabúðir
- Húsnæði náttúrugripasafnið – Prentminjasafn
- Tengja betur Náttúrugripasafn við Ólafsfjarðarvatn
- Byggðasafn – klára uppsetningu á munum sem eru til staðar, t.d. gamla skóverkstæðið
- Fræðasetur
- Setja upp steinasafn (Jón Hvíti)
- Koma í veg fyrir að gömlu fiskibátunum verði eytt því það væri mikið slys
- Menningartengd starfsemi með aðstöðu á Kleifum í samstarfi við íbúa
- Koma á stofn almennilegu Gallerí – hvað eiga gömlu svosem að gera?
- Listamiðstöð og að listamenn geti unnið á staðnum erlendir sem innlendir
- Auka tómstundastarf fyrir börn, sérstaklega á sumrin
- Hvernig væri að sýna bíómyndir?

- Virkja gömlu námuna t.d. sem tónleikanámu
- Fuglasafnið inn í bergið í námunni
- Grjótnáman – fólkvangur, tónleikasvæði (mini-Akropolis)
- Markaðssetja safn

5.2 Viðburðir

Fjallabyggð

- Tónlistarhátíðir myndi samfelld tónlistarsumar í Fjallabyggð
- Sérstök menningarskrifstofa með þremur þar til menntuðum starfsmönnum skipuleggi tónlistarhátíðir og markaðssetji
- Menningartengd þjónusta – skólahópar, - aukið tónleikahald – menningarhátíðir
- Halda t.d. alþjóðlegar hátíðir – matarveislur

Siglufjörður

- Fjölga áhugaverðum atburðum eins og Síldarævintýri, þæjumóti, þjóðlagahátíð
- Mjölhúsið, hin stóra tónleika- og samkomuhöll, allt rokkað mélinu smærri

Ólafsfjörður

- Endurvekja stórhátíð á sjómannadag. Gera hann að meiriháttar bæjarhátíð! Þjóða landsmönnum í heimsókn

5.3 Handverk

Fjallabyggð

- Minjagripaframleiðsla; eitthvað úr grjóti, eitthvað tengt sjómennsku, eitthvað sem minnir á snjó, ís, fjöll
- Skúlpútur grjót úr göngum

Siglufjörður

- Handverkshús þar sem fólk getur komið með framleiðslu sína og selt, t.d. í gamla sláturhúsinu
- Minjagripir

Ólafsfjörður

- Ferðamál; hanna minjagripir sem tengjast Ólafsfirði t.d. búa til gripir úr grjóti sem til fellur úr göngunum, bjóða upp á þrjónavörur

6 Samgöngur

Fjallabyggð

- Héðinsfjarðargöng
- Hefja strandsiglingar
- Fjallabyggð – flutningur með flugi
- Laga veginn inn í Fljót
- Lækkun flutningskostnaðar með aðgerðum ríkisvalds, t.d. í gegnum olíugjald
- Almenningsamgöngur eftir göng
 - Efla samgöngur til Akureyrar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur með almenningsamgöngum
 - Eitt svæði: Dalvík, Ólafsfjörður, Siglufjörður, Sauðárkrúkur = áætlunarferð – rólega leiðin

- Háhraða netsambandi komið á sem fyrst
- Ljósleiðari um Héðinsfjarðargöng í eigu Fjallabyggðar

Siglufjörður

- Láta Grímseyjarferju ganga frá Siglufirði eftir að göngin verða komin
- Ekki væri verra að fá göng úr Hólsdal inn í Fljót
- Gera góðan veg upp í Hvanneyrarskál, þaðan er frábært útsýni
- Göng yfir Fljótin
- Bæta veginn út á „gamla“ flugvöll, þaðan er falleg sýn á bæinn og upphaf gönguleiðar út að Evanger – rústunum
- Þotuaðstaða á Siglufjarðarflugvelli fyrir ríka skíðafólkið

Ólafsfjörður

- Halda gamla Múlaveginum við fyrir túrista (t.d. ferðir frá Akureyri í tengslum við skemmtiferðaskipakomur)
- Þjóðvegur / vegskálar / Sauðanes



7 Framleiðsla og framkvæmdir

Fjallabyggð

„Vatn er minnkandi annarsstaðar í heiminum“

- Nýta vatnið sem er í göngunum þar sem það er betra en það sem við höfum
- Vatnsverksmiðja / vatnspökkunarverksmiðja – vatn úr göngum til útflutnings. Átöppunarverksmiðja eða tankskip
- Bjórverksmiðju eða framleiða sterkt áfengi
- Nýta vatnið sem kemur úr göngunum t.d. til bjórframleiðslu og ölgerðar og jafnframt fá betra neysluvatn
- Nýta vatnið sem kemur úr göngunum til útflutnings – bjórgerðar eða whisky
- „Bláa gullið“

Siglufjörður

- Lítil fyrirtæki í ýmsu, léttan iðnað
- Lyfjaframleiðslufyrirtæki
- Verksmiðja til úrvinnslu á áli
- Endurverkja einingarhúsa framleiðslu, t.d. plasteiningar
- Framleiðsla á geisladiskum (CD, DVD)
- Ólíuverksmiðja – Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
- Halda lífinu í Egilssíld
- Þróa Tröllanamma hart og kröftugt með sérkenni svæðisins, hollt og gott
- Framleiða gamla bíó-ísinn og selja
- Framleiða hreinsiefni fyrir gleraugu
- Mala grjót úr göngunum og búa til skrúbbkrem

- Sameining verktakafyrirtækja á sviði jarð- og byggingarvinnu til þess að sinna verkefnum utan Fjallabyggðar
- Framleiðsla á endurnýtanlegum umbúðum – td endurnýta trjáskur (arinkubbar – eldspýtur)
- Endurvinnsla
- Hönnun – nýta fagmennina og fagþekkinguna sem er í bænum.
- Áframhald á stórfamkvæmdum eins og snjóflóðavarnargarði
- Þar sem hefur verið ákveðið af RARIK að bora fyrir heitu vatni í Skarðinu ættu stjórnendur Fjallabyggðar að tryggja að sú framkvæmd yrði sem fyrst vegna möguleika er myndu skapast við skíðasvæðið

Ólafsfjörður

- Auka framleiðslu fyrirtækja sem eru hér nú þegar
- Byggjum á því sem við höfum, eflum það t.d. iðnfyrirtæki
- Hætta við að reisa snjóflóðavarnargarða
- Berjavín – berjaafurðir
- Framleiðsla á hreinlætistækjum – handlaugar – klósett – sturtubotnar
- Matvælaframleiðsla í anda Fiskisögu
- Vinnsla í Eyjafirði ABL verksmiðja
- Framleiðsla á hunda- og kattamat
- Framleiðum "grissini" einföld framleiðsla
- Nýta ódýrt atvinnuhúsnæði
- Samvinna smáverktaka? (útboð)
- Gera meira með járníðnaðinn í Ólafsfirði

- Tónlistarmenn
 - Myndbandagerð
 - Umboðsskrifstofa fyrir hljómlistarmenn
 - Prentsmiðja – pappír
 - Grafísk hönnun
 - Skiltagerðin – auglýsingar
 - Dreifing
 - Flutningur Flytjandi
 - Símasala
 - Hljóðskóli - Tónskóli Ólafsfjarðar
 - Grunnskóli - Framhaldsskóli
- Setja á fót Tröllasetur, fá Kára Stefáns til að einangra gen til að stækka menn ca 2,5 m á hæð og eftir því svera

8 Sjávarútvegur og fiskeldi

„Áframhaldandi vinnsla hér í Fjallabyggð“

Siglufjörður

„Sé ekki Siglfirðinga fyrir mér í framtíðinni lífa hér án þess að nýta auðlindir sjávar á sanngjarnan hátt“

- Fullvinnslu fiskafurða í neytendaumbúðir, t.d. sushi
- Fullvinna í flug á Akureyri
- Vinna úr rækjuskel t.d. lyf og snyrtivörur
- Efla smábátaútgætur og aðstöðu fyrir þá
- Settur verði þrýstingur á Síldarvinnsluna um aukna starfrækslu á eignum sínum hér

- Afla sér upplýsinga og tala við þá sem hagsmuna eiga að gæta t.d. við úthlutun byggðakvóta
- Vekja upp hákarlaverstöð þ.e. vinna hákarl: gæðavöru
- Framleiða „harðfisk“ t.d. í pilluformi með útflutning í huga – prótein og heilsa USA - Asía
- Síldarkvóta til Siglufjarðar – fullvinna síldina og selja á safninu
- Byggja stóra frystigeymslu fyrir umskipanir
- Fiskeldi í firðinum t.d. túnfisk

Ólafsfjörður

„Menn mega ekki gleyma því að fiskurinn er og verður undirstaða bættra lífskjara í sjávarplássum“

- Auka smábátaútgætur
- Auðvelda nýliðun í sjávarútvegi með byggðakvóta
- Auka kvóta byggðarlagsins gefa ungum mönnum tækifæri til sjálfstæðs atvinnureksturs, til fiskveiða og verkunar
- Fiskvinnsla – fullvinna
- Auka vinnslu sjávarafurða í landi sem er mjög þjóðhagslega hagkvæmt.
- Þorskeldi á landi – vatn úr göngum – alvöru mótvægisgerð
- Þorskeldi á landi – dæla sjónum uppá land - Vera fyrstir á Íslandi að þróa þetta með sérfræðingum
- Þekking og reynsla til staðar
- Fiskeldi við vatnið

9 Höfn

Eingöngu komu punktar um málefni hafnar og hafnarmannvirki á Siglufirði.

Siglufjörður

„Nýta hafnaraðstöðu betur, jafnvel stækkun“.

- Umskipunarhöfn þegar Héðinsfjarðargöng opnast
- Olíuhöfn Norðurlands
- Frystihöfn Norðurlands
- Markaðssetja hafnarsvæðið
- Þar sem reiknað er með aukningu í frístundum almennings leggjum við til fjölgun á plássum fyrir smábáta. Er tillaga okkar sú að svokallaðri innrihöfn verði breytt og aðstaða gerð, flotbryggjur settar og það sem því fylgir
- Hækka Óskarsbryggju

10 Verslun og þjónusta

Fjallabyggð

- Lágvöruverslun til að tryggja að fólk versli í heimabyggð. Ólafsfjörður var oftast nefndur sem staðsetning á báðum fundum.
- Getum við fundið eitthvað að þjónustustiginu í Fjallabyggð?

Siglufjörður

„Við viljum ekki niðurrif í þjónustu á Sigló“

Í umræðu um verslun og þjónustu á Siglufjarðarfundinum kom fram að íbúar þurfi að standa vörð um þá þjónustu sem fyrir er með því að nýta sér hana. Á hinn bóginn var bent á að það gerist aðeins ef þjónustufyrirtækin standa sig, hugsa um þá viðskiptavinum sem þau hafa og sinna þeim vel.

Fram komu nokkrar áhyggjur af lækandi þjónustustigi.

- Verslunarmiðstöð
- Lágvöruverslun á Siglufirði (eða í Ólafsfirði)
- Vöruúrval; vantar vöru, fisk, grænmeti, hráfæði
- Veitingahús
 - Matsölustaðir
 - Kaffihús með öllu, skjákaffi, bókabúð með kaffihorni, bryggjukaffi
- Gámaflutningaþjónusta
- Hundahótel (katta)
- Efla þjónustu við aðkomubíla
- Lægra vöruverð – ef lægra verð verður þá er verslað í heimabyggð og minni fólksflótti. Meiri flutningur hjá flutningafélögum

Ólafsfjörður

- Lágvöruverslun í Ólafsfjörð – verslunarmiðstöð
- Lágvöruverslun í einum klasa með öðrum fyrirtækjum t.d. Krónan, Síminn, Pósthús, Byko, Blómabúð ofl. ÁTVR Svæði fyrir framan Olís skálann – túnið við Aðalgötu + Tourist information
- Hvetja þarf einstaklinga til að koma upp kaffihúsi í miðbænum
- Netkaffi
- Efla miðbæinn með kaffihúsi, glerhúsi tengdu Tjarnarborg með útsýni yfir tjörnina

11 Opinber störf

„Flutningur opinberra starfa til Fjallabyggðar eða stofnun Útibúa“

Hér er greint frá því sem fram kom á fundunum varðandi tækifæri á svæði opinberra starfa ásamt punktum um störf sem krefjast háskólamenntunar – þó svo að þau séu að sjálfsögðu ekki bundin við opinbera geirann. Meira bar á hugmyndum í þessa veru á Siglufjarðarfundinum.

Fjallabyggð

- Byggja fangelsi, t.d. fyrir langtímafanga og/eða kvennafangelsi
- Fangelsi á Siglunesi

Siglufjörður

- Fá fleiri opinber störf í bæinn
- Flutningur opinberra stofnana til Siglufjarðar
- Útibú Fiskistofu
- Snjóflóðadeild frá Veðurstofu Íslands, 2 menn í starfi – rannsóknir og annar kenni snjóflóðafræði í framhaldsskólunum

Ólafsfjörður

- Fleiri opinber störf
- Fjölga störfum fyrir háskólamenntað fólk
- Bæjarstjórn sækir á um flutning á nýjum störfum til bæjarins og sé vakandi fyrir því að þau komi ekki af sjálfu sér

12 Fjarvinnsla og tækniþjónusta

Fjallabyggð

- Aukin fjarvinnsla
- Skráning mikilvægra gagna, fjarvinnsla
- Skapa fleiri störf við að setja í stafrænt form ýmis skjöl frá hinu opinbera
- Skönnun blaða og skjala
- Superfjarfundabúnaður
- Símsvörun fyrir fyrirtæki og stofnanir
- Tölvugagnageymslu / netþjónabú
- Þjónusta við hátækniðnað
- Vefhýsing í jarðgöngum Ólafsfjarðarmegin þar sem hitastig í fjallinu er einungis +4°C. Gæti verið orkusparnaður þar sem ekki þarf rafmagn til kælingar. Háspennustrengur mun liggja í gegn um göngin

Siglufjörður

- Skrifstofuhúsnæði fyrir fjarvinnslu. Benda fjölskyldufólki á "fjölskylduvænt" umhverfi t.d. leikskóli, grunnskóli, heilsugæsla, sjúkrahús, "öruggt" umhverfi og náttúra

Ólafsfjörður

- Eflum og víkkum út þá þekkingu og færni sem hér er í starfsstöð Alþingis, þ.e. ná verkefnum frá fleiri aðilum

13 Ræktun og landbúnaður

Siglufjörður

- Setja upp gróðurstöð á Steinaflötum
- Hvannarækt til sölu til skagfiskra bænda
- Ylrækt
- Rabbabararækt í Hvanneyrarskál
- Refabú í Hólsdal
- Frístundabyggð í Héðinsfirði? Hestar, rollur og annað búfé
- Banna fjárbúskap í bænum en leyfa hænsnabú
- Setja milliloft í íþróttahúsið, hænur uppi, rollur niðri. Skítarenni í verksmiðju til að breyta honum í áburð. Gas (metan) úr skítum!

Ólafsfjörður

- Efla og skipuleggja skógrækt í Ólafsfirði í stórum stíl
- Trjárækt, tengja við vatnið, matjurtagarðar
- Trjárækt austan við Merkjalæk - krefst flutnings grindarhlíðs
- Gróðurhús – heitt vatn
- Grænmeti – sumarblóm
- Girða rollurnar úti
- Nýta betur landsvæðin í sveitinni gagnvart nýjungum
- Stofna 2-3 sauðfjárbú í Ólafsfirði og beita landið hæfilega.
- Efla búskap í Ólafsfirði þar sem lausaganga búfjár er bönnuð á Siglufirði

14 Umhverfi, ásýnd og öryggi

Fjallabyggð

„Þjóðgarður Héðinsfjörður – heilsulind; passa upp á perluna“

- Friðlýsing Héðinsfjarðar er nauðsynleg
- Með opnun Héðinsfjarðar verða til möguleikar sem ekki má sóa. Friðlýsing fjarðarins er þar mikilvægur þáttur
- Bæjarfélagið setji sér það markmið að verða umhverfisvænsta sveitarfélag á Íslandi

Siglufjörður

„Skapa sérstöðu! Gæti verið bygging eða hvað sem er! Eitthvað öðruvísi. Efna til hugmyndasamkeppni“

- Veraldarvinir
- Spegil hinum megin við fjörðinn til að beina kvöldsólinni í bæinn
- Aðalgatan gerð gamaldags m/lágum ljósataurum (eins og Keflavík)
- Bæjarfélagið setji sér markmið um útlit húsa og að varðveita núverandi götumynd
- Aðalgatan: gamaldags með því að tengja saman Síldarminjasafn, Þjóðlagasetur, Borgarkaffi. Kaffi (internethús)



Ólafsfjörður

- Fegra bæinn
- Gera lystigarð
- Snyrta aðkomu að bænum, má skoða ýmis svæði
- Til að gera innkeyrslu í bæinn frá norðri aðlaðandi þarf að gróðursetja meira og skipuleggja. Bátur sem stæði á grundinni neðan við Brimnesveg með stefni til norðurs, t.d. báturinn Sigurður Pálsson ÓF66. Eigandi mun gefa hann (Gunnar Ágústsson)
- Skreyta bæinn svo um munar og laða með því að ferðamenn, sérstaklega þá staði sem eru í niðurníðslu t.d. mála sílóin við gömlu steypustöðina sem reist var til að þjóna Múlagöngum t.d. mála annað sem sjómann og hinn sem síldarsöltunarstúlkur
- Bæta útlit bæjarins við aðkomu úr göngunum
- Ganga frá umhverfi eftir vegagerð t.d. við brúna
- Laga tröppurnar frá Túngötu að skólanum
- Laga Félagastíginn
- Bæta leikaðstöðu fyrir börn í nærumhverfi t.d. á brekkunni
- Nýta umhverfið betur
- Hvetjum til þess að svæðið frá Tjarnarborg að fótboltavelli verði skipulagt sem tjaldsvæði og lystigarðssvæði. Samsagt leggja áherslu á gróður í miðbænum
- Öryggi smábarna og umferðaröryggi
- Bæta slysavarnir fyrir börn í umhverfinu
- Umferðarhæði niður í 30
- Lögreglan / sýnileg löggæsla

15 Heilbrigðisþjónusta

15.1 Heilsuþjónusta Fjallabyggð

„Gera Fjallabyggð að heilsuþjónusta“

Mikið af þeim tækifærum sem íbúar bæði í „austur- og vesturbæ“ Fjallabyggðar greindu á sviði heilbrigðisþjónustu, tengjast Sjúkrahúsinu á Siglufirði og er greint frá þeim hér á eftir. Margar aðrar hugmyndir voru viðraðar, sem ekki þurfa að vera bundnar við annan hvorn staðinn.

- Gera Fjallabyggð að heilsuþjónusta sumar sem vetur
- Efla heilsugæslu
- Heilsulind / heilsutengd ferðaþjónusta
 - Sjúkrahús á Sigló
 - Heilsulind í Héðinsfirði, Héðinslind
 - Heilsulind; t.d. námskeið, leirböð, sund, skíði, nudd, náttúra, útivist, lífsstílsferðir, dans, klössun á fólki, snyrting o.þ.h.
 - SPA með nuddi, snyrtistofa, pottar, verslun, kaffihús, vínveitingaleyfi
- Brúnku – sprautuklefi
- Ég vil – “extreme makeover”
- Heilsuakademía
- Reisa áfangahæimili
- Heimili fyrir geðfatlaða
- Sambýli og meðferðarheimili
- Stuðningur/aðstaða fyrir fatlaða

- Börn og unglingar
 - Meðferðarheimili fyrir börn eða unglinga, sem e.t.v. þurfa langa vistun eða eftirlit. Byggi á lækni, sálfræðingi, skóla, húsnæði, náttúru og aðstöðu til íþróttaiðkunar
 - Aðstoð við börn með hegðunarörðugleika eða fötlun - frá öðrum bæjarfélögum

15.2 Sjúkrahúsið á Siglufirði

„Meiri sjúkratengd þjónusta – rólegt umhverfi“

- Sérhæfðari heilbrigðisþjónusta til meðhöndlunar á
 - Fíknum, t.d. tölvufíkn
 - Bakveiki
 - Offitu, barna og fullorðinna
 - Afleiðingum bruna
 - Ofvirkni barna
 - Íþróttameiðslum
 - Geðrænum vandamálum
- Forvarnartékk fyrir alla t.d. fólk milli 30-40 komi inn heilsuvernd
- Fá sérfræðinga á heilbrigðissviði til aðgerða (líðskipta + fegrunaraðgerðir)
- Endurhæfing
 - Eftir aðgerðir
 - Fyrir aldraða
 - Öryrkja – og skapa hlutastörf fyrir þá og aldraða

Siglufjörður

- Andlega upplifun fyrir alla á Ásnum
- Tryggja húsnæðismál fatlaðra og efla sambýlið
- Koma upp aðstöðu fyrir björgunarpyrlu á Siglufirði

16 Þjónusta við aldraða

„Gamla fólkið heim!“

Siglufjörður

- Byggja íbúðir fyrir eldri borgara á Siglufirði
- Breyta gagnfræðaskólanum í þjónustuíbúðir fyrir aldraða – eða byggja nýjar

Ólafsfjörður

- Paradís fyrir eldri borgara
- Stækka Hornbrekku
- Reisa nýtt elliheimili t.d. við hús eldri borgara
- Nýtt dvalarheimili niður við vatn
- Prestaelliheimili á Kviabekk sérhæft fyrir presta
- Byggja upp íbúa/þjónustusamfélag fyrir eldri borgara
- Þjónustuíbúðir aldraða
- Hafa leiðbeinanda í húsi eldri borgara

17 Skólamál**Fjallabyggð**

„Framhaldsskólinn – ný tækifæri“

Þátttakendum var ofarlega í huga hvílíkur fengur verður að nýjum framhaldsskóla sem mun hafa höfuðstöðvar sínar í Ólafsfirði. Tilgreind voru ýmis mikilvæg margfeldisáhrif, s.s. fjölgun íbúa, aukin þjónusta og aukin menntun íbúanna. Sérstaklega var nefnt að framhaldsskólinn „leiðir til þess að fólk fari ekki með börnum sínum“ . Til verði fleiri sérhæfð störf og hugsanlega þurfi að byggja húsnæði vegna fjölgunar fólks. Mikill metnaður er til þess að byggja upp öflugt skólasamfélag, samkvæmt skilaboðum fundanna.

Meiri umræða var um nám á háskólastigi á Siglufirði en Ólafsfirði, enda ekki ólíklegt að framhaldsskólinn sé þeim síðarnefndu ofar í huga.

17.1 Framhaldsskóli

- Bygging framhaldsskóla sem fyrst
- Framhaldsskólinn þarf að skapa sér sérstöðu!!
 - Íþróttabraut, íþróttaskíðaakademía
 - Framhaldsskóli – íþrótt og heilsurækt – stöð með öllu fyrir líkama og sál – heilsuhæli – vetraríþróttir
 - Skipa/bátasmíði
 - Efla fullorðinsfræðslu – nýir möguleikar
 - Önnur tungumál en annars staðar
 - Heilsugæslubraut
 - Námsbrautir fyrir erlenda nemendur
 - Óhefðbundið námsframboð
 - Fjölbreytt kennsla

- Sérstaka/einstaka ferðaþjónustubraut/miðstöð til menntunar í ferðaþjónustu!
- Ferðamál og útivist/jarð- landafræði
- Braut fyrir menningartengda ferðaþjónustu sem verði fyrirmynd á landsvísu
- Útivistar- og snjóflóðafræði. Öryggismál í útivist að sumri og betri
- Nám í leiðsögn, örnefna og sagnafræðum
- Sauðfjár-/hrossaræktarbraut við framhaldsskólann
- Tenging við framhaldsskólann – orku og umhverfisbúðir



Siglufjörður

- Kennsla á háskólastigi
 - Háskóla þekkingarsetur – húsnæði – kennarar – starfsfólk
 - Stofna "háskólasetur" sem útibú frá Háskólanum á Akureyri eða Íslands t.d líffræðisetur – skattaréttarsetur eða iðnaðarháskóla á Siglufirði
 - Háskóla- og rannsóknastofnun í íslenskum þjóðlögum í tengslum við þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar
- Uppbygging vegna skólanna
- Efla iðmenntun í skólum
- Virkja íbúa í endur-símenntun
- Ókeypis eða ódýrara að nota fjarfundabúnað sveitarfélagsins a.m.k. fyrir nemendur í sveitarfélaginu

Ólafsfjörður

- Við framhaldsskóla verður ungt fólk á staðnum. Það skapar breytt umhverfi, t.d. kaffihús, heilsurækt, íþróttaaðstöðu, verslun, bíó, skemmtistaði, bókasafn, námsaðstöðu o.fl.
- Berjast fyrir framhaldsskóla hér, ekki láta Dalvíkingana frekjast
- Fjöltækniskólann norður
- Skólaþjónusta og ráðgjöf fyrir smærri sveitarfélög
- Hvað stendur til að gera í málefnum nýbúa?
 - Fá námskeið fyrir erlenda starfsmenn í íslensku
 - Íslenskunámskeið í daglegum samskiptum t.d. við sparisjóð, verslanir og þjónustu

- Byggja við barnaskólann og gera gagnfræðaskólann að safnahúsi – bókasafn, fuglasafn
- Hafa sveigjanlegri tíma fyrir börn á leikskóla
- Vera með slysavarnarskóla sjómanna allan ársins hring hér. Staðsetja skipið hér
- Kennara- og nemendaskipti. Masters doctors verkefni
- Skólamál ; menning og afþreying , Tónskóli, sérstaða

18 Íþróttir

Fjallabyggð

- Vetrarríki sem er alla jafnan í Ólafsfirði og Siglufirði þarf að nýta. Þessir staðir missa af lestinni því mikið er fjárfest í nágrannasveitarfélögum t.d. Akureyri þar sem eytt hefur verið milljónum í snjóframleiðslu og tilheyrandi. Þó mikið sé að gera á Siglufirði!!
- Alpagreinar á Siglufirði, norrænar greinar Í Ólafsfirði (malbikuð hjólaskíðabraut frá skíðaskála að Hlíð)
- Landsmót?

Siglufjörður

„Efla skíðasvæðið – hugsa stórt!!“

- Skíðasvæðið
 - Fullgera skíðasvæðið
 - Huga að bestu aðstöðu á landinu fyrir alla fjölskylduna og laða útlendinga að á veturna
 - Gera betra á Siglufirði í fjallinu þ.e. troða og lagfæra brekkur

- Betri markaðssetningu
- Svæði fyrir börn, betri aðstöðu fyrir gesti, bílastæði
- Lúxus skíðasvæði þarf að vera klárt 2009
- Bretta skíðasvæði
- Betri aðstaða fyrir vetraríþróttir s.s. skíði, skauta, bretti o.fl.
- Bæta golfvöllinn
- Gamli fótboltavöllurinn
- Knattspyrnuhús
- Mjölhúsið, t.d. reiðhöll eða skautahöll
- Hólsdalur – útivistarsvæði fyrir fjölskylduna – jullur á tjörninni – veiði í Hólsá
- Eitthvað fyrir börnin í skógræktinni – náttúruleikvöllur
- Íþróttakademía frammi á Hól, sumarþúðir frammi á Hól, fótboltanámskeið, golfnámskeið
- Íþróttakademía t.d. fótbolti, skíði
- Íþróttastyrkir fyrir börn, t.d. með íþróttافرístundakorti



Ólafsfjörður

„Gönguskíðasvæði í Ólafsfirði“

- Skíða og brettaíðkun
 - Skíðamál / iðkun / sala /efling / stór átak
 - Skíði - Allt árið um kring (eða ferðabjónusta allt árið um kring)
 - Bæta veginn að skíðasvæði
 - Skíðaakademía, skíðaskóla miðstöð
 - Byggja upp gönguskíðakennslu
 - Skíði og snjóbretti
 - Laga skíðabrautirnar
 - Brettaaðstaða með togbraut
- Hestamennska
 - Hvar verðum við í vetur? (hestar) lagast 2009 eða næsta vetur bara á sama stað
 - Við viljum úrbætur strax (hestar)
- Sund
 - Sundlaug (skapar störf),
 - Frítt í sund fyrir grunnskólabörn
 - Rennibraut í sundlaug
- Golf
 - Bæta aðgengi að golfvelli og umhverfi vallarins
 - Finna nýtt svæði fyrir golfvöllinn
- Íþróttahús
 - Íþróttaaðstaðan
 - Stærri tækjasal

- Ný þrekmiðstöð
- Heilsurækt – forvarnarstarf
- Skautar (ís- og línuskautar)
 - Línuskautabrautir meðfram vatninu
 - Skauta á vatninu eða búa til svell hjá skólasvæðinu
 - Íþróttaaðstaða austan við vatnið nauðsynleg – tækjasalur myndi bæta aðstöðu verulega

19 Félagslíf

Siglufjörður

„Betri aðstöðu fyrir yngri kynslóðina“

- Virkja erlenda íbúa á staðnum gera þá að virkari þátttakendum í þjóðfélaginu. Kynna þeim afþreyingu í bænum
- Frístundakort
- Hafa vöfludag á aðventunni eða kalkúnakvöld
- Uppbyggingarstarf fyrir unglunga
- Endurvekja hjóna-/paraklúbbinn

Ólafsfjörður

- Byggja upp félagslíf samhliða framhaldsskóla
- Hjálpa nýbúum að aðlagast í íslensku samfélagi – fræða þá um sinn rétt og skyldur

20 Byggða- og íbúapróun

Greinilega komu fram meiri áhyggjur meðal Siglufirðinga af fækkun íbúa, þó slík skilaboð hafi einnig komið á Ólafsfjarðarfundinum.

Fjallabyggð

- Fjallabyggð sjálfri sér nóg
- Koma sér saman vestur og austur um uppbyggingu á hverjum stað

Siglufjörður

„Áskoran - Gera bæinn áhugaverðan fyrir þá sem hingað vilja flytja og þá sem hér búa“

- Við stöndum frammi fyrir þeirri áskoran að þora að búa hér áfram og að bjarga okkur sjálf
- Snúa íbúapróuninni við
- Fólk flytur úr bænum sem hefur vinnu. Af hverju?
- Hverju breyta Héðinsfjarðargöng?
- „Sumarhús“ eru 130 íbúðir sem er kannski ekki rétt þróun
- Við þurfum að lækka meðalaldurinn
- Vantar yngra fólk í bæinn, með því fjölgar smáfólkinu.
- Útvega ungu fólk með menntun vinnu við sitt hæfi
- Gera eitthvað uppbyggjandi til að fá 20-25 ára aftur til baka á Sigló (þegar skóla lýkur)
- Aðstoða ungt fólk með flutningskostnað og leikskólagjöld og styrk til íþróttaiðkunar og tónskóla
- Halda börnunum heima, það er áhyggjuefni að þjónustugildið er að lækka

- Hvetja til barneigna, t.d. með því að borga fyrir barneignir, halda ástarviku, opna fæðingardeildina og banna getnaðarvarnir í apótekinu!
- Gerum Fjallabyggð að spennandi kosti fyrir þá sem eru orðnir leiðir á stressi og skuldum á höfuðborgarsvæðinu
- Hvað hefur Fjallabyggð fólki á aldrinum 25-45 að bjóða?
- Spyrja þá sem fæddir eru t.d. á árunum '65 - '80 og flutta burt, hvað þyrfti til að þeir vildu koma aftur
- Emigration Fair: Auglýsa bæinn til búsetu, fólk sér sjálft um að skapa sér atvinnu

Ólafsfjörður

- Hamla gegn fólksfækkun – helst fjölga íbúum
- Byggja íbúðir fyrir 60 ára og eldri – þjónustuíbúðir
- Fá unga fólkið heim þegar það er búíð að læra
- Byggja hús



21 Stjórnsýsla

Siglufjörður

- Ráðamenn þurfa að fylgja eftir sínum boðum
- Frumkvæði frá sveitarfélagi, þeir eiga að leiða það og koma því áfram til einstaklinga og fyrirtækja
- Samræða við íbúa: Lifandi kaffihús – bæjarkaffi m. Grissini, þar sem eldhúsumræður eru skráðar og færðar bæjarstjórn vikulega. Til að virkja bæjarbúa og færa heitapottsumræður á hærra plan

Ólafsfjörður

- Breyta nafni sveitarfélagsins í "Tröllaskagabyggð"
- Lækka útsvarsprósentu til að laða fyrirtæki og fólk til búsetu í byggðalaginu
- Ath. Breytingu á skattakerfinu fyrir landsbyggðina, lægri skattar úti á landi jafna flutningskostnað
- Ráðhús við hótelið

22 Markaðssetning

„Siglufjörður er gott vörumerki“

„Markaðssetja safn“ (Ólafsfjörður)

Hvað á að markaðssetja?

- Markaðssetja svæðið í heild sinni (það sem við eigum og höfum)
- Markaðssetja okkur sem lítinn huggulegan bæ, hreinn, friðsæll, fjöllin, fyrir erlenda og innlenda innflytjendur
- Auglýsa bæjarapparatíð betur
- Betri kynning á afþreyingu
- Markaðssetning atvinnumála

- Aðstoða fyrirtækin við markaðssetningu
- Aukin markaðssetning iðnfyrirtækja í Fjallabyggð

- Efla markaðssetningu safnanna, skíðasvæðis, gönguleiða – ÁRÍÐANDI
- Markaðssetja listviðburði Fjallabyggðar betur

Hvernig á að markaðssetja?

- Vantar góðan fréttaritara á staðinn
- Miðlægan upplýsingamiðil
- Setja upp okkar eigin útvarpsstöð – útvarp Fjallabyggð
- Blogg
- Flagga í bænum við öll tækifæri t.d. Pæjumót, berjadaga
- Ráða Ferðamálafulltrúa sem m.a. vinnur í að auglýsa Fjallabyggð
- Ráða markaðsfulltrúa (öflugan) til að kynna t.d. Síldarævintýrið og skíðasvæðið

Hverju á það að skila?

- Vera búin að auglýsa okkur það mikið, þegar göngin opna að ferðamaðurinn stoppi hér

23 Frumkvöðlastefna

Eins og fram hefur komið var yfirskrift íbúafundanna „Fjallabyggð er frumkvöðull“. Sú hugsun sem þar bjó að baki var að sveitarfélagið stefndi að því að skapa sem best skilyrði fyrir frumkvöðla, í þeim þáttum sem að því snúa. Einnig að sveitarfélagið myndi sjálft temja sér vinnubrögð frumkvöðla. Því hafa þau skilaboð fundanna sem varða frumkvöðlastefnu og leiðir til eflingar atvinnulífs verið dregin saman sérstaklega undir þessari yfirskrift „Frumkvöðlastefna“. Sjá einnig kafla 27 „Frá umræðu til árangurs“, hér á eftir.

Fjallabyggð

„Hvar höfum við aðgengi að fjármunum til að koma nýjum hugmyndum á framfæri?“

- Einblína helst á næstu 2 ár- atvinnulega, nýta þau í að framkvæma og fjármagna
- Fara rólega af stað og fylgja hugmyndunum eftir
- Hvar er vöntun á markaðnum?
 - Skapa aðstæður til þess að menntun og þekking nýtist Hvað er í boði fyrir frumkvöðla og hvað er bærinn tilbúinn að leggja af mörkum til þeirra?
- Samstarf
 - Tengja aðila saman
 - Samvinna milli fyrirtækja t.d. matsólustaðir selji kaffibrauð, grafinn lax og annað sem framleitt er í heimabyggð
- Nýsköpun
 - Styðja við bakið á frumkvöðlum svo þeir gefist ekki upp
 - Hugmyndabanki
 - Meiri stuðning við nýsköpun

- Aðstoða fólk við að hrinda hugmyndum í framkvæmd
- Skoða hvernig hægt er að aðstoða frumkvöðla við markaðssetningu ofl.
- Styðja við sprotafyrirtæki
- Búa til hagstætt umhverfi fyrir smáíðnað: niðurfelling fasteigna- og lóðagjalda

▪ Fjármögnun

- Fá fjárfesta til að trúá á verkefni á svæðinu
- Áhættufé/fjármagn til að starta
- Fjárfestingasjóður
- Fá áhættufé frá ríki
- Ná okkur í fjárfesta
- Hlutaðeigendur. Það er hægt að stofna hlutafélag. Kannski á maður 1 milljón og annar 2, safnast þegar saman kemur
- Til að koma hugmyndum í framkvæmd – vöntun á áhættufjármagni í nýjum fyrirtækjum
- Atvinnuþróunarsjóður kvenna
- Verkefni Siglirðingafélags

24 Viðhorf

Fjallabyggð

- Fella niður togstreitu – að eitt fari til Ólafsfjarðar og annað til Siglufjarðar. Þetta er eitt samfélag og atvinnusvæði. Breyta hugsunarhætti um tvö bæjarfélög. ERUM EINN BÆR!

Siglufjörður

„Verðum að sækja, það kemur ekkert af sjálfu sér“

- Jákvæðni breytt hugarfar
- Verum jákvæð, fyrir öllum hugmyndum
- Vera bjartsýn – standa saman
- Vera stórhuga
- Endurvekja samstöðu og samheldni bæjarbúa
- Hlúa að því sem fyrir er
- Hlúa að þeim sem búa hér, vita hvað er gott að búa hér og vilja búa hér áfram
- Búferlaflutningar eru smitandi. Finnum bóluþefni gegn þessu strax
- Rífum upp okkar eigið sjálfssálit! Ath. höldum sjálfstýrkingarnámskeið í Fjallabyggð
- Minnka “klíkuskap” en það er eitthvað um hann

Ólafsfjörður

- Vera jákvæður, draga úr neikvæðni
- Hugsa hvernig við tölum um bæinn okkar
- Efla það sem fyrir er og hlúa að því
- Hjálpa nýbúum að aðlagast í íslensku samfélagi – fræða þá um sinn rétt og skyldur
- Viðhorfsbreyting! Nýta vinnukrafta sem í boði eru
- Fjölskyldumál
- Efla vitund á fjölskylduvænum, umhverfisvænum og heilnæmum, stresslausum búsetuskilyrðum

25 Ein frábær hugmynd

Eftir alla þá gerjun og hugmyndaflæði sem fram fór í umræðuhópunum voru þátttakendur beðnir um að velja „eina frábæra hugmynd“. Allar hugmyndir sem rötuðu á blað, hafa komið fram hér á undan. Hugmyndir á sviði ferðapjónustu voru algjörlega afgerandi. Því næst kom heilsa, heilbrigðisþjónusta og útivist. Aðrar hugmyndir sem fengu nokkurt vægi, voru markaðssetning, nýting gömlu grjótnámunnar í Ólafsfirði og að klára skíðasvæðið á Siglufirði. Einnig má nefna að nýta húsakost SVN og annað vannýtt húsnæði á Siglufirði.

26 Næstu skref

Á íbúafundunum fóru samræðurnar fram á borðum og sátu að jafnaði 4 – 5 við hvert borð. Í lok íbúafundanna var hvert borð beðið um að skila blaði með einu atriði sem þátttakendur kæmu sér saman um að væri mikilvægasta næsta skrefið. Í þessum kafla hefur verið unnið úr þessum skilaboðum. Töflunni er raðað þannig upp að efst eru þeir málaflokkar sem hafa mest mikilvægi samanlagt af báðum fundum, þ.e. fyrir Fjallabyggð í heild. Þar sem áhersluatriðin eru töluvert ólík eftir bæjum, er sýnt með litum hver er mikilvægisröðin á hverjum stað fyrir sig. Setja þarf þann fyrirvara að hér eru eigindlegar upplýsingar túlkaðar út frá tölfræði og að sum borðin settu fleiri en eitt atriði á blað. Einnig skiptir máli að þátttakendur á fundinum á Siglufirði voru meira en helmingi fleiri en í Ólafsfirði, sem helgast af mun á íbúafjölda. Litaskiptingunni er ætlað að vega upp á móti því.

Grænt = > 20% vægi

Gult = 10 – 20% vægi

Blátt = 5 – 10% vægi

Fjólublátt = < 5% vægi



Málaflokkur	Siglufjörður	Ólafsfjörður
Efling atvinnulífs Samtals 14 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Skilyrði: lækkun flutningskostnaðar Bæta, efla og markaðssetja betur þau fyrirtæki sem eru til staðar Bæta launakjör Hlúa að því sem fyrir er! Hlúa að þeim fyrirtækjum sem eftir eru Finna fjármagn – framkvæma – skipuleggja – markaðssetja – hugsum til framtíðar Sérhæfð störf: Fá sérhæfð störf frá ríki og einkageira, þannig að við fáum menntað fólk í störf hér. Þá störf sem hafa góð laun í boð sérstaklega. Endurheimtum börnin OKKAR 	<ul style="list-style-type: none"> Fá áhættufjármagn Lokka að fyrirtæki Aðstoð og fræðsla fyrir fyrirtæki og frumkvöðla til að stækka eða komast af stað Hlú að hugviti á svæðinu Styðja við þá frumkvöðla sem fyrir eru og hjálpa þeim til að eflast Alla atvinnurekendur í Fjallabyggð Að eitthvað af þessum hugmyndum verði að veruleika – oft er þörf en nú er nauðsyn
Viðhorf og samstaða Samtals 14 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Áskorunin er bætt atvinnuástand og bæjarbúar standi saman Virkja íbúana Vinna saman sem ein heild Samheldni bæjarbúa Hreinsa hugann og brosa ☺ Hafa trú á bænum og framtíð hans Ekkert hefst án jákvæðni og bjartsýni Jákvæðni og breytt hugarfar íbúa (Siglufj.) Fjallabyggðar. Rífum upp okkar eigið sjálfsálit! (Höldum sjálfsstyrkingarnámskeið) Byrja að sækja, hætta að verjast ☺ Siglfirðingar breyti hugarfari og horf björtum augum til framtíðar! Jólagjöf Fjallabyggðar til íbúa Leyndarmálið. Þá hefst uppbygging 	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæðara hugarfar og bjartsýna bæjarbúa ☺ Hætta hagsmunatengdum hugsunarháttum
Samgöngur Samtals 9 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Samgöngur Alþjóðlegur flugvöllur á Akureyri, fyrir ferðamenn og fyrirtæki STRAX Umskipunarhöfn á Siglufirði Skoða möguleika hafnarinnar við opnun jarðganga Bæta aðstöðu fyrir aukna umferð á sjó og landi vegna aukinnar þarfa sem hljóta að skapast með tilkomu Héðinsfjarðarganga Tvíbreið göng í Múlanum Grimseyjarferja til Sigló Ný Ólafsfjarðargöng 	<ul style="list-style-type: none"> Jöfnun flutningskostnaðar
Framhaldsskóli Samtals 7 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Hraða uppbyggingu framhaldsskólans Uppbygging framhaldsskólans í Ólafsfirði. Lykilatriði að hann taki til starfa haustið 2008 Að framhaldsskóli í Fjallabyggð verði að veruleika 	<ul style="list-style-type: none"> Framhaldsskólinn verður að rísa sem fyrst Framhaldsskólinn er grunnur framfara og hærra menntunarstigs Ákveða staðsetningu framhaldsskóla innan Ólafsfjarðar Framhaldsskólinn! M.a. til að draga úr fólksflóttu af svæðinu

Málaflokkur	Siglufjörður	Ólafsfjörður
Bæjaryfirvöld og ríkisvald Samtals 6 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Bæjaryfirvöld verða að boða forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem starfa nú þegar í Fjallabyggð á sinn fund og athuga hvað er framundan Íbúar Fjallabyggðar „núverandi“ verða að fá að heyra frá bæjaryfirvöldum hvort eitthvað jákvætt sé í pipunum Fá strax vilyrði ráðamanna fyrir þeim hugmyndum sem koma frá íbúunum sjálfum Bæjarstjórn launalaus þangað til eitthvað skeður í atvinnumálum o.fl. Við viljum að Fjallabyggð mótmæli harðlega lélegum aðgerðum ríkisstjórnar í mótvægisáðgerðum út af þorskveiðiskerðingu 	<ul style="list-style-type: none"> Vekja bæjarstjórnina
Markaðssetning Samtals 5 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Bæjarfélagið verði markaðssett á jákvæðan og uppbyggilegan hátt Hrinda hugmyndum okkar í framkvæmd og <u>markaðssetja</u> Markaðssetning: Kynna Fjallabyggð betur Markaðssetning. Áriðandi Jákvæðar fréttir frá Fjallabyggð. 	
Heilbrigðisþjónusta Samtals 4 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Heilbrigðisþjónusta: Vinnuhópur greinir aðstæður; hvaða kostir eru til staðar til þess að starfrækja meðferðar- og endurhæfingarmiðstöð. Hvað þarf að bæta eða byggja upp. Fundur með ráðamönnum. Endurhæfingarstöð 	<ul style="list-style-type: none"> Sjúkrahúsið; endurhæfing og nýting mannvirkja sem eru í þeim tilgangi Afvötnunarheimili
Hafnarframkvæmdir Samtals 3 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Klára hafnarframkvæmdir Aðlaga höfnina að framtíðarferðamennsku og stofna undirbúningsfélag til að vinna að því Höfnin 	
Íbúabróun Samtals 3 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Útfæra í tengslum við nýja bæklinginn um Fjallabyggð: Fólki á aldursbilinu 1965 – 1980 fengi hringingu þar sem spurt er „hvað þarf til að þú flytjir aftur heim í Fjallabyggð?“ Senda jafnvel bréf áður Laða fólki og fjölskyldur að bænum með atvinnutækifærum t.d. í fjarvinnslu eða á staðnum og góðum aðbúnaði sem er nú þegar í bænum Skapa ungu fólki aðstöðu 	
Ólafsfjarðarvatn Samtals 3 punktar		<ul style="list-style-type: none"> Nýta Ólafsfjarðarvatn meira fyrir ferðamenn bæði sumar og vetur Ólafsfjarðarvatn: Fá fjárfesta til að framkvæma þessar hugmyndir Leggja niður veiðifélagið
Íþróttir og útivist Samtals 3 punktar		<ul style="list-style-type: none"> Íþróttaiðkun Virkja íþróttafélögin Bæta aðstöðu til þjónustu / útivistar

Málaflokkur	Síglufjörður	Ólafsfjörður
Byggingar Samtals 2 punktar		<ul style="list-style-type: none"> Byggja íbúðarhúsnæði Byggja mannvirki með styrkjum úr mannvirkjasjóði ríkisins
Síldarvinnslan Samtals 2 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Þrýstingur á Síldarvinnslu um aukna starfsemi á eignum sínum. Þetta skilar strax góðum tekjum til sveitarfélagsins og starfsfólks Byrja strax að ná tangarhaldi á húseignum SR mjöls 	
Menning og afþreying Samtals 2 punktar		<ul style="list-style-type: none"> Bíó Leiklist, söngkeppni ofl.
Sjávarútvegur Samtals 2 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Breyta kvótakerfinu þannig að ungir sjómenn geti hafið rekstur án þess að hafa tugmilljónir á bak við sig Fiskvinnsla 	
Stefnumótun og eftirfylgni Samtals 2 punktar	<ul style="list-style-type: none"> „HVATI“ Afl (hópur) sem heldur áfram starfi þessa fundar 	<ul style="list-style-type: none"> 10 ára stefnumörkun
Umhverfi og ásjúnd Samtals 2 punktar	<ul style="list-style-type: none"> Girða bæjarlandið, til að koma í veg fyrir ágang af sauðfé Fljótamanna 	<ul style="list-style-type: none"> Fegra bæinn
Vatn í Héðinsfjarðargöngum 1 punktur		<ul style="list-style-type: none"> Nýta vatnið úr göngunum Skoða möguleika á vatnsútflutningi í tankaskipum strax
Heilsuþætur 1 punktur	<ul style="list-style-type: none"> Bæjaryfirvöld fari í stefnumótun um heilsuþætur Fjallabyggð. Hvað er hægt að gera strax? Hver eru langtíamarkmiðin? 	
Sameining 1 punktur	<ul style="list-style-type: none"> Stuðla að áframhaldandi samruna félaga- og tómstunda og íþróttastarfsemi. Byggja upp sameinaða Fjallabyggð! 	
Verslun og þjónusta 1 punktur	<ul style="list-style-type: none"> Stórverslun 	

27 Frá umræðu til árangurs

Sú samræða og gerjun sem átti sér stað á íbúafundunum, hefur sett af stað ákveðinn kraft í Fjallabyggð. Hefur sett af frumkvöðlum sem þegar hafa hafist handa við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Þannig hafa fundirnir markað ákveðin þáttaskil í samfélaginu, þar sem andinn er sá að snúa vörn í sókn. Miklu skiptir að fundunum verði fylgt vel og markvisst eftir, þannig að til lengri tíma litið verði þeir ekki aðeins skemmtileg kvöldstund heldur marki upphafið að raunverulegum breytingum, virkni íbúa, samstarfi frumkvöðla, fyrirtækja, félagasamtaka, bæjaryfirvalda og íbúa og stuðli að aukinni samstöðu.

Hér á eftir er greint frá mögulegum leiðum sem Alta telur farsælar, út frá reynslu sinni, m.a. af vinnu í öðrum sveitarfélögum.

27.1 Framtíðarsýn - aðalskipulag

Þegar Héðinsfjarðargöng verða opnuð munu fjölmargar forsendur breytast og tækifæri gefast sem ekki eru til staðar í dag. Hverjar verða þessar breytingar og hver eru þessi tækifæri? Hver er framtíðarsýn Fjallabyggðar? Árangursríkasta leiðin til að móta framtíðarsýn í sveitarfélagi er í gegnum aðalskipulag. Aðalskipulagsvinna í Fjallabyggð mun gefa tækifæri til að skoða allar forsendur upp á nýtt og svara spurningunni „hvert viljum við stefna?“ Og ef aðalskipulagið er unnið í nánú samráði við íbúa og hagsmunaaðila, mun umræðan um framtíðina ná víðar út í samfélagið. Aðalskipulag hefur lögformlega stöðu, sem gerir það að sterkustu stefnumótun hvers sveitarfélags. Alta mælir eindregið með því að hafinn verði undirbúningur vegna gerðar aðalskipulags sem fyrst og að þar verði lögð áhersla á sem virkasta þátttöku íbúa.

Hugsanlega mætti hefja þá vinnu með íbúafundum þar sem beitt yrði aðferðum sem sérstaklega henta þegar nýta á afraksturinn við aðalskipulagsgerð, en þó ber að hafa í huga að þær upplýsingar sem hér eru skráðar og fengist hafa í

víðtækri samræðu við íbúa, munu koma að góðum notum við gerð aðalskipulags.

27.2 Efling atvinnulífs - frumkvöðlastefna

Þær hugmyndir sem hér hefur verið safnað í sarpinn eru ágætur efniviður en þegar upp er staðið ræðst verðmæti þeirra af því hvort einhverjir eru tilbúnir til að koma þeim í framkvæmd. Gera þær að sínum.

Nú þarf að eiga sér stað í Fjallabyggð ákveðin úrvinnsla á þessum hugmyndum. Hverjar þeirra eiga sér einhverja sem eru tilbúnir til að fóstura þær?

Ýmsar hugmyndir og aðgerðir geta orðið verkefni Sveitarfélagsins Fjallabyggðar. Í öðrum tilvikum er sveitarfélagið væntanlega ekki framkvæmdaaðillinn, en getur veitt dýrmætan stuðning. Þar getur mótun frumkvöðlastefnu verið lykillinn að árangri.

Mörg sveitarfélög hafa mótað sér atvinnustefnu sem stundum hefur skilað árangri og stundum ekki. Lausleg leit á vef sveitarfélaga bendir til þess að ekkert íslenskt sveitarfélag hafi mótað sér sérstaka frumkvöðlastefnu, utan að Akureyrarbær hefur sett reglur um stuðning við frumkvöðla. Tekið skal fram að þetta er ekki tæmandi úttekt.

Hér er þeirri hugmynd komið á framfæri að Fjallabyggð móti sér frumkvöðlastefnu, sem verði eiginleg atvinnustefna sveitarfélagsins. Þetta verði gert með samræðu eða samstarfsvettvangi af einhverju tagi, þannig að lykilmál og aðrir áhugasamir geti tekið þátt. Ef samræðan heldur áfram á þessum forsendum mun það geta af sér frekari gerjun í anda þess sem íbúafundirnir settu af stað.

Sjá einnig kafla 23 hér á undan.

27.3 Samstaða – aðgerðir

Ef Fjallabyggð ákveður að hefjast handa við gerð aðalskipulags og frumkvöðlastefnu/atvinnustefnu og leggur áherslu á að hvorttveggja verði samstarfsverkefni bæjaryfirvalda og samfélagsins alls, mun það tvímælalaust skila jákvæðum áhrifum út í samfélagið.

Á íbúafundinum á Siglufirði komu mjög afgerandi skilaboð um að auka þurfi samstöðu og jákvæðni bæjarbúa. Það kann að vera þess virði að skoða sérstök verkefni og aðgerðir sem beinlínis gætu stuðlað að því. Þegar ákvörðun lægi fyrir um slík verkefni myndi hún verða færð inn í aðgerðaáætlun.

27.4 Önnur verkefni

Í skilaboðum íbúafundanna er að finna ýmsar hugmyndir og ábendingar sem hvorki falla beint að aðalskipulagsvinnu né frumkvöðlastefnu. Þarna getur verið um að ræða verkefni sem eðlilegt er að séu á könnu sveitarfélagsins eða eru þess eðlis að árangursríkast væri að sveitarfélagið beitti sér fyrir, hugsanlega með liðsinni annarra.

Mælt er með því að bæjarstjórn vinni úr þessum hugmyndum og forgangsraði, þannig að fyrir liggi ákvörðun og áætlun um hvernig að þeim skuli staðið. Í því sambandi er gott að hafa í huga að sýnileg og áþreifanleg verkefni þar sem hægt er að sýna fram á árangur fljótt, eru mjög mikilvæg. Þannig fá íbúar fljótt skilaboðin „við vorum að hlusta“.

27.5 Kynning á skilaboðum íbúafunda -

Æskilegt er að íbúar fái sem fyrst að heyra af því hvernig unnið hefur verið úr skilaboðum íbúafundanna og hvernig eftirfylgninni verður háttað.

Það gæti verið árangursríkt að efna til málþings þar sem fram færi kynning á skilaboðum íbúafunda og fræðsla um hvað felst í því að vera frumkvöðull, hvort heldur er sveitarfélag, fyrirtæki eða einstaklingur. Málþinginu væri ætlað að loka þeim áfanga sem hófst með íbúafundunum og marka upphafið að eftirfylgni. Það væri því gagnlegt að bæjarstjórn myndi þar kynna sínar hugmyndir um eftirfylgni og fá á þær viðbrögð frá íbúum. Spyrja „erum við á réttri leið?“ Einnig gæti þar orðið til vettvangur til að virkja íbúa til frekara samstarfs í framhaldinu.

Kynning gæti hugsanlega farið fram með dreifibréfi, en þá gefst ekki sama tækifæri til samræðu.

Loks er mikilvægt að nýta vefsíðu sveitarfélagsins og fjölmiðla nær og fjær til að koma á framfæri þeirri jákvæðu gerjun og krafti sem verið er að virkja í Fjallabyggð.

27.6 Aðgerðaáætlun

Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um aðgerðir er mikilvægt að öllum niðurstöðum verði haldið til haga og útbúin verði sérstök aðgerðaáætlun. Þar kæmu fram ákvarðanir bæjarstjórnar um aðgerðir, hvernig standa skuli að þeim, hverjir eigi að framkvæma og hvenær og svo hugsanlega hverjir séu samstarfsaðilar í einstökum verkefnum. Aðgerðaáætlun verði kynnt á vefsíðu bæjarins og uppfærð reglulega eftir því sem verkefnum vindur fram. Áætlunin er hvorutveggja í senn, verkfæri bæjarstjórnar og upplýsingagjöf til bæjarbúa.

Hér er stillt upp hver næstu skref gætu verið og í hvaða röð.

1. Bæjarstjórn gerir aðgerðaáætlun um hvernig hún hyggst fylgja íbúafundunum eftir:
 - a. Gerð aðalskipulags
 - b. Mótun frumkvöðlastefnu
 - c. Önnur verkefni og aðgerðir, m.a. til eflingar samstöðu
2. Haldnir kynningarfundir þar sem gert yrði grein fyrir skilaboðum fundanna og aðgerðaáætlun bæjarstjórnar
3. Íbúum gefinn kostur á að taka þátt í eftirfylgninni með skilgreindum hætti

27.7 Að lokum

Það á ágætlega við að ljúka þessari samantekt á vísu sem kom frá þátttakanda á öðrum íbúafundinum. Hún varð til þegar kosið var um sameiningu Ólafsjarðar og Siglufjarðar og grunnurinn var lagður að hinu nýja sveitarfélagi Fjallabyggð.

Með gleði í hjarta ég ítreka enn,
að ýmislegt fer oss að ganga í haginn.
Í kröftugri fylkingu konur og menn,
til kosninga gengu á laugardaginn

(Jóhannes)

Við hjá Alta viljum að lokum þakka bæjarstjórn, starfsmönnum og íbúum Fjallabyggðar fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og óskum Fjallabyggð velfarnaðar.

Við erum nú sem endranær til þjónustu reiðubúin, í áframhaldandi verkefnum eða á annan hátt sem bæjarstjórn telur að við getum orðið að liði.

